Nr. 8.
11.
febr.

Tilskipun

um

að ákvarðanir þær um stundarsakir, sem almenn hegningarlög handa Íslandi, 25. júní 1869, 307. gr., hafa inni að halda, skuli falla úr gildi að því leyti, er snertir vesturumdæmið og norður og austurumdæmið á Íslandi.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, **Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,**

Gjörum kunnugt: Eptir að búið er að koma upp fangelsum þeim, sem ákveðin eru í tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl., 4. marz 1871, fyrir vesturumdæmið og norður- og austurumdæmið á Íslandi, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið, samkvæmt almennum hegningarlögum handa Íslandi, 25. júní 1869, 307. gr.:

Frá 1. degi ágústm. þ. á. skal beita þeim ákvörðunum í hegningarlögum handa Íslandi 25. júní 1869, sem ákveða fangelsishegningar (einfalt fangelsi, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og fangelsi við vatn og brauð), og sömuleiðis þeim ákvörðunum, sem 31. grein í sömu lögum, 2. og 3. kafli, hefir inni að halda um afplánun sekta, að því, er snertir allar þinghár í vesturumdæminu og norður- og austurumdæminu á Íslandi, og skal hegningin í þessum tilfellum úttekin í fangelsum þeim, sem búið er að byggja í tjeðum umdæmum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 11. dag febrúarm. 1876.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Nellemann.

Anordning

Nr. 8.
11te
Febr.

om

Ophævelse af de midlertidige Bestemmelser i Almindelig Straffelov for Island af 25de Juni 1869 § 307, for Islands Vestamts samt Nord- og Østamts Vedkommende.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Efterat de i Forordning om Opførelsen af en Strafanstalt samt af Fængsler i Island m. v. af 4de Marts 1871 for Islands Vestamt og Nord- og Østamt foreskrevne Fængsler ere tilveiebragte, byde og befale Vi, i Henhold til Almindelig Straffelov for Island af 25de Juni 1869 § 307, som følger:

Fra 1ste August d. A. at regne ville de Bestemmelser i Straffelov for Island af 25de Juni 1869, der fastsætte Fængselsstraffe (simpelt Fængsel, Fængsel paa sædvanlig Fangekost og Fængsel paa Vand og Brød), saa og Bestemmelserne i samme Lovs § 31, 2det og 3die Stykke, om Afsoningen af Bøder være at bringe til Anvendelse for samtlige Jurisdiktioners Vedkommende i Islands Vestamt samt Nord- og Østamt, og bliver Straffen i disse Tilfælde at udstaa i de i bemeldte Amter opførte Fængsler.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 11te Februar 1876.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Nellemann.